

3. maí 2024



Fjármálaáætlun 2025-2029

Kynning í fjárlaganefnd

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Helstu áherslupættir

Landhelgi

Almannavarnir

Fullnusta

Útlendingamál



Fjármálaáætlun 2025 – 2029

02 DÓMSTÓLAR

FJÁRMÁL

BREYTING ÚTGJALDARAMMA MILLI ÁÆTLANA

- › Útgjaldaramminn lækkar um 60 m.kr. á áætlunartímabilinu vegna sértækra aðhaldsaðgerða
- › Sérstök grein gerð fyrir tillögum dómstólanna í bréfi til fjárlaganefndar sbr. 21. gr. laga um opinber fjármál

UMBÓTAVERKEFNI

UMBÓTAVERKEFNI

- › **Stafrænar umbreytingar.** Réttarvörslugáttin er farin að hafa mjög jákvæð áhrif á flæði gagna á milli dómstiga og mun hjálpa þeim við að auka skilvirkni og bæta málshraða
- › **Sameining héraðsdómstóla.** Einn dómstóll en starfsstöðvar áfram þar sem héraðsdómstólarnir eru nú. Styrkir starfsstöðvar á landsbyggðinni, einfaldari og skilvirkari stjórnarsýslu fyrir dómstólana, fjárframlög og mannauður nýtist betur og aukið hagræði næst við meðferð dómsmála borgurunum til hagsbóta.

FJÁRMÁL

BREYTING ÚTGJALDARAMMA MILLI ÁÆTLANA

- | | |
|--------------------|---------------|
| › Landhelgisgæslan | 700 m.kr. |
| › Almannavarnir | 145 m.kr. |
| › Nýtt fangelsi | 12.600 m.kr. |
| › HVH verkefnið | -24.158 m.kr. |

VEIKLEIKAR

- › **Lækkun aðhaldskröfu löggæslu.** Er engin árið 2025 en hækkar aftur í 1% árin 2026-2029.
- › **Sjólandamæri.** Ný upplýsingakerfi Schengen samstarfsins og fjölgun skiptifarþega skemmtiferðaskipa kallar á fjölgun landamæravarða, samtals 353 m.kr.
- › **Landhelgisgæsla.** Tímabundin niðurfelling 240 m.kr. aðhaldskröfu 2024 er útfærð 2025.

UMBÓTAVERKEFNI

UMBÓTAVERKEFNI

- › **Löggæsla.** Vinna við heildarendurskoðun laga um almannavarnir með væntingum um að þau renni frekari stoðum undir skýr hlutverk, ábyrgð og skyldur allra sem starfa í almannavarnakerfi landsins. Þannig verði almannavarnakerfi landsins sem best í stakk búið til að takast á við hvers konar vá.
- › **Landhelgisgæslan.** Vinna úr niðurstöðum starfshóps sem skipaður var til að rýna í reksturinn til grundvallar heildarstefnumótunar í málaflokknum, hvort sem það leiðir til breytinga á rekstrinum, lagabreytinga á starfssviði eða umhverfi hennar sem þörf er á til að mæta þeim áskorunum sem stofnunin stendur frammi fyrir í dag og til framtíðar.
- › **Fullnusta refsinga.** Unnið er að heildarendurskoðun fullnustukerfins þar sem m.a. er horft til þess að fullnusta refsinga geti farið fram öðrum hætti en með afplánun í fangelsi eða greiðslu sektar. Þá er verið að vinna greiningu í tengslum við byggingu á nýju fangelsi um hvað mörg viðbótarrými þarf til að kerfið geti orðið sjálfbært.

10 RÉTTINDI EINSTAKLINGA

FJÁRMÁL

BREYTING ÚTGJALDARAMMA MILLI ÁÆTLANA

- › Útgjaldaramminn breytist lítið frá fjármálaáætlun 2024-2028.
- › **Útlendingamál:** Gert er ráð fyrir að átaki í útlendingamálum ljúki 2026.

VEIKLEIKAR

- › **Útlendingamál.** Frá- og innflæðisvandi í verndarkerfinu þá sérstaklega vegna Venesúelabúa.

UMBÓTAVERKEFNI

UMBÓTAVERKEFNI

- › **Sýslumenn.** Starfshópur myndaður sem falin er áframhaldandi stefnumótunar- og greiningarvinna með það að markmiði að bæta þjónustuna við almenning, stuðla að hagkvæmari rekstri og styrkja starfsemi embætta á landsbyggðinni.
- › **Útlendingamál.** Fyrir liggur að heildarkostnaður útlendingamála var 20 milljarðar króna árið 2023 og stefnir í 25 milljarða að öllu óbreyttu. Gert er ráð fyrir frekari breytingu á útlendingalögum sem færir okkur nær lagaumhverfi þeirra landa sem við viljum bera okkur saman við ásamt innleiðingu aðgerðaráætlunar um bættu framkvæmd og samhæfingu þeirra starfsemiseininga sem þungann og hitann bera af þeim hluta verndarkerfisins sem Dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á.